

Sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf. (kt: 480998-2789) á athafnasvæði að Ægisgarði 1 og 7.

1. Gildissvið.

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber rekstraraðila að fylgja, eftir því sem við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi samþykkt í Umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur 5. desember 2018.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir smíði og viðgerðir á skipum og bátum á landi á athafnasvæði fyrirtækisins að Ægisgarði 1 og 7.
- 1.3 Starfsleyfið gildir til **dd.mm.aa** (12 ár).
- 1.4 Starfsleyfi skal endurskoða á þriggja ára fresti. Um endurskoðun fer skv. gr. 14 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. Athafnasvæði

- 2.1 Rekstraraðila er skylt að ganga vel um og sýna ýrtruðu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun eins og kveðið er á í reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
- 2.2 Athafnasvæði dráttarbrauta skal vera með vökvaheldu undirlagi.
- 2.3 Olíumengað fráveitu- og regnvatn skal leitt um olúskilju.
- 2.4 Við málningarvinnu skal sérstaklega gæta að vindátt og vindstyrk til að koma í veg fyrir að málningarúði valdi skemmdum eða ónæði í nærumhverfi. Séu líkur á að málningarúði dreifist út fyrir athafnasvæði rekstraraðila fyrir áhrif vinds skal málningarvinnu frestað.

3. Meðferð úrgangs og spilliefna

- 3.1 Flokka skal úrgang í samræmi við reglugerð númer 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Reykjavík.
- 3.2 Málningarflögum sem safnast fyrir við hreinsun skipa skal safnað saman eftir hvern vinnudag þegar háþrýstipvottur á sér stað. Málningarflögur skulu meðhöndlaðar sem spilliefni. Geyma skal málningarflögur á þann hátt að ekki sé hættu á að þær berist út í umhverfið.
- 3.3 Fyrirtækið skal eftir mætti draga úr myndun spilliefna. Spilliefnum skal haldið aðskildum eftir tegundum eftir því sem við á. Spilliefnum skal safna í lokuð og lekað ílát.
- 3.4 Spilliefnum skal skila til spilliefnamóttöku með gilt starfsleyfi. Kvittun fyrir skilum eða önnur staðfesting á skilum skal framvísað í eftirliti.

4. Hávaðamengun

- 4.1 Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008 og ber fyrirtækinu að fylgja ákvæðum hennar. Forráðamönnum rekstraraðila er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða frá starfseminni. Komi í ljós vandkvæði vegna hávaða ber fyrirtækinu að draga úr honum s.s. með að skerma af eða

takmarka viðkomandi þátt starfseminnar og/eða vinna á þeim tíma dags sem minnst ónæði hlýst af.

5. Mengunaróhöpp

- 5.1 Fyrirtækið skal hafa viðbragðsáætlun sem tekur á leka á olíu- og málningarefnum. Skal starfsmönnum kynnt áætlunin og þeir þjálfaðir í viðbrögðum samkvæmt henni. Áætlunin skal samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.
- 5.2 Þar sem fljótandi hættuleg efni og spilliefni geta lekið niður skal undirlag vera vökvahelt og búnaður til að loka niðurföllum. Þá skal vera tiltækt ílát og ísogsbúnaður til að taka við innihaldi stærstu umbúða ef leki kemur að þeim. Einnig skulu vera tiltækar fullnægjandi persónuhlífar fyrir starfsfólk til að takast á við slys og óhöpp eftir því sem við á.
- 5.3 Leki mengunarefni í sjó eða fráveitulagnir ber tafarlaust að stöðva lekann og tilkynna óhappið til Faxaflóahafna.
- 5.4 Ef hættuleg efni eða spilliefni berast í jarðveg við óhapp, skal tafarlaust stöðva lekann og tilkynna óhappið til Heilbrigðiseftirlitsins og slökkviliðsins ef hreinsunar er þörf.
- 5.5 Ef loftborin mengun, t.d. málningarúði berst út fyrir athafnasvæði rekstraraðila skal hann bregðast við með viðeigandi hreinsun.

6. Geymsla og notkun hættulegra efna

- 6.1 Óheimilt er að nota málningu sem inniheldur lífræn tinsambönd, kvikasílfursambönd eða arsensambönd á báta, skipskrokka, búr, flotbúnað, net eða önnur tæki.
- 6.2 Engin niðurföll skulu vera til staðar í málningargeymslum.
- 6.3 Ef hættuleg efni, þ.m.t. gashylki, eru geymd utandyra skulu þau geymd í viðeigandi ílátum í læstum hirslum eða á afgirtum stöðum þannig að óviðkomandi aðilar eigi ekki greiða leið að efnunum. Ef um er að ræða hættuleg fljótandi efni, svo sem olíuefni skulu þau vera geymd á lekaheldu yfirborði og skal viðhafa viðeigandi lekavarnir.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnunum og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt til að fyrirbyggja mengun og til hreinsunar lóðar. Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með a.m.k. mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.
- 7.2 Ef líkur eru taldar á því að athafnasvæði fyrirtækis hafi mengast, skal rekstraraðili ganga úr skugga um hvort svo sé þegar starfsemi er lögð niður eða flutt, til dæmis með gerð áhættumats fyrir lóðina sbr. ákvæði í reglugerð nr. 1400/2020.
- 7.3 Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við Heilbrigðiseftirlitið.
- 7.4 Að öðru leyti skal hlíta ákvæðum 14. og 16. gr. í reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg við lok starfseminnar.
- 7.5 Hreinsun telst ekki lokið fyrr en sameiginleg úttekt Heilbrigðiseftirlitsins og Faxaflóahafna hefur farið fram.